

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 14. október 2021: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjárfestingarverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030087

Fyrirspurn frá fulltrúa Flokks fólksins um af hverju fjárfestingaverkefni eru færð í eignasjóð. Tekið er eftir því að fjárfestingaverkefni eru færð í eignasjóði (ES) þ.e. eru eignfærð og síðan færð á rekstur miðlægt eftir afskriftartíma. Hvernig stendur á því að 10 milljarðarnir eru eignfærsluverkefni sem ekki kemur fram í rekstri fyrr en byrjað er að afskrifa? Spurt er um þetta vegna þess að það er sérstakt ef allur kostnaður við stafræna umbreytingu (10 milljarðar) er fært sem fjárfesting á eignasjóð. Margt af því snýst ósköp einfaldlega um að það sé verið er að innleiða ný vinnubrögð og leggja af eldra vinnulag. Taka má dæmi um skönnun á teikningum og tengdum skjölum hjá byggingarfulltrúa. Það er búið að vinna slíkt verk hjá sveitarfélögum víða um land. Það hefur engum dottið í hug að færa kostnaðinn við það sem fjárfestingu og ætla síðan að afskrifa hann. Í eignasjóð eru einungis færð verðmæti mannvirkja sem verða afskrifuð. Óskað er skýringar á þessu. Það er t.d. farið mjög varlega víðast hvar í að eignfæra tölvubúnað vegna þess hve hratt þarf að endurnýja hann. Hann er víðast hvar metinn sem rekstrarkostnaður og færður til gjalda á viðkomandi ári. Fulltrúi Flokks fólksins mun skoða að senda erindi til Reikningssskila- og upplýsinganefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til að fá mat ráðuneytisins á þetta. R21030087